

## Verklagsreglur Þjónusturáðs Suðurlands vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna

### Fyrir Velferðarþjónustu Árnesþings, fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar og Félagsþjónustu Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga rétt á stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur. Dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil. Þjónusta stuðningsfjölskyldu kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar.

#### 1.gr.

##### *Réttur til þjónustu og inntak hennar*

Sveitarfélögum er skylt að tryggja að fjölskyldur fatlaðra barna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eigi kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Sú þörf er metin í samráði við foreldra barnsins og miðar að því að létta álagi af fjölskyldunni og auka félagslega þátttöku barnsins. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í almennum kröfum sem lúta að barnauppleði.

Heimilt er að framlengja samninga um stuðningsfjölskyldu við fatlaða einstaklinga þegar 18 ára aldri er náð á grundvelli mats á þörf meðan leitað er að annarri viðeigandi þjónustu. Einnig er heimilt að veita fötluðum foreldrum stuðningsfjölskyldu.

#### 2.gr.

##### *Umfang þjónustu*

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu miðast alla jafna við sólarhringsþjónustu. Dvalartími fer eftir aðstæðum og er samningsatriði í hverju tilviki innan eftirfarandi ramma:

- a. Samfelld dvöl fari að jafnaði ekki yfir þrjá sólarhringa á mánuði samanlagt, en getur þó, numið allt að fimm sólarhringum á mánuði og tekur mið af fötlunarflokki samkvæmt niðurstöðum T.R:
  - i. Fötlunarfl. 1 allt að 5 sólarhringar
  - ii. Fötlunarfl. 2 allt að 4 sólarhringar
  - iii. Fötlunarfl. 3 allt að 3 sólarhringar
- b. Semja má um aðra tilhögun en sólarhringsþjónustu til að koma til móts við þjónustubörf.
- c. Sólarhringsdvöl getur mest orðið 15 sólarhringar á mánuði að undagengnu faglegu mati á aðstæðum barnsins og fjölskyldu. Umsókn ásamt faglegu mati er lögð fyrir hjá fagteymi þjónusturáðs.

#### 3.gr

##### *Val á stuðningsfjölskyldu*

Val á stuðningsfjölskyldu getur verið með tvennum hætti.

1. Á grundvelli umsóknar um leyfi til að veita þessa þjónustu.
2. Á grundvelli ákvörðunar hverju sinni um að ganga til samninga við tiltekna fjölskyldu um að veita þessa þjónustu.

Félagsþjónusturnar skulu leitast við að velja stuðningsfjölskyldur sem hafa haldgóða þekkingu og reynslu af starfi með fötluðum.

Stuðningsforeldri skal hafa náð 20 ára aldri sé um ákvörðun vegna eins barns að ræða, hafa þekkingu á uppeldi barna, helstu fötlunum og mismunandi þörfum vegna fötlunar. Stuðningsforeldrið leggur mat á eigin þekkingu og lætur fylgja með umsókninni.

Félagsþjónusturnar skulu leitast við að veita stuðningsfjölskyldum fræðslu sem komið getur að gagni í starfi þeirra.

4.gr.

*Leyfisveiting*

Umsóknir um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda skal senda félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu stuðningsfjölskyldu er að umsækjandi skal hafa náð 23 ára aldri. Ef um hjón og sambýlisfólk er að ræða þá skulu þau sækja um saman.

Áður en leyfi er veitt eða ákvörðun tekin, skal fulltrúi félagsþjónustunnar meta aðstæður á heimili stuðningsfjölskyldu og skrifa greinargerð að loknu mati. Umsækjanda skal kynnt efni greinargerðarinnar og gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Sé heimili stuðningsfjölskyldu staðsett utan lögheimilissveitarfélags barnsins, getur úttekt farið fram á grundvelli umboðs sem fulltrúi félagsþjónustunnar í lögheimilissveitarfélagi barnsins veitir starfsmanni félagsþjónustu þar sem stuðningsfjölskyldan býr. Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags barnsins ber ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar.

Heimilt er að veita leyfi í allt að þrjú ár í senn og skal þá að nýju leggja fram upplýsingar úr sakaskrá og upplýsingar um önnur atriði sem kunna hafa breyst. Á tímabilinu heimsækir fulltrúi félagsþjónustunnar stuðningsfjölskylduna. Stuðningsfjölskyldu er skylt að tilkynna tafarlaust um allar breytingar á atriðum sem máli geta skipt við framkvæmd þjónustunnar.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja fatlaðra barna samtímis nema um systkini sé að ræða.

Umsækjandi leyfis skal sækja viðurkennt námskeið í skyndihjálpslysnum á börnum. Standi námskeið umsækjanda ekki til boða er heimilt að veita bráðabirgðaleyfi þar til hann hefur átt þess kost að ljúka námskeiði.

5.gr.

*Gagnaöflun*

Áður en leyfi er veitt eða ákvörðun tekin er eftirfarandi gagna aflað frá verðandi stuðningsfjölskyldu:

- a. Búsetuvottorðs til staðfestingar á lögheimili umsækjanda
- b. Læknisvottorðs sem kveður á um líkamlega og andlega heilsu viðkomandi
- c. Samþykkis allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að sveitarfélagið afli upplýsinga úr sakaskrá um hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, sem og 211. eða 218.gr. almennra hegningarlaga, sbr. 26.gr. laga nr. 38/2108.
- d. Samþykkis stuðningsfjölskyldu fyrir því að heimilt sé að leita upplýsinga um stuðningsfjölskyldu og aðbúnað á heimili hennar frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, félagsþjónustum annarra sveitarfélaga eða heilbrigðisfulltrúa.
- e. Staðfesting félags-/velferðarþjónustu um að eldvarnir á heimilinu séu fullnægjandi sbr. 9.gr.
- f. Staðfests yfirlits um starf með börnum. Yfirlits um reynslu og fyrri störf.
- g. Upplýsinga um önnur leyfi eða verkefni fyrir fötluð börn eða samkvæmt barnaverndarlögum.

6.gr.

*Umsóknir og svör við umsóknum*

Umsóknir um þjónustu stuðningsfjölskyldu skulu berast félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags.

Félagsþjónusta í lögheimilissveitarfélagi þess sem óskar eftir þjónustunni skal svara umsókn skriflega innan sex vikna frá því hún berst.

Sé ekki unnt að veita þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að þjónustan sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði. Þá skal veita honum aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.

Kynna skal umsækjanda skriflega niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem kostur er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skulu forsendur synjunar rökstuddar.

7.gr.

*Form samnings og samningsfjárhæðir*

Um dvöl barns hjá stuðningsfjölskyldu skal alltaf gerður samningur. Samningur er einnig gerður ef stuðningsfjölskylda er fengin fyrir fatlað fólk eldra en 18 ára á grundvelli heimildar í 3. mgr. 1. gr. og ef fengin er stuðningsfjölskylda við fatlaða foreldra. Heimilt er að gera skemmri samning, þ.e. í þrjá mánuði, í nýjum samningum.

Samningstímabil tengist úttekt á framkvæmd þjónustunnar sem skal eiga sé stað eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Stuðningsfjölskylda skal leggja fram yfirlit yfir dvöl barns og nokkur atriði um hvað gert var með barninu hverju sinni. Samningur getur framlengst sjálfkrafa, en er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara beggja samningsaðila. Sé samningurinn á grundvelli leyfis, fellur hann úr gildi um leið og leyfi viðkomandi fjölskyldu fellur úr gildi. Heimilt er að rifta samningi ef forsendur ákvörðunar samningsins eða leyfis bresta.

Gerður er þríhliða samningur sveitarfélags, stuðningsfjölskyldu og forráðamanna barnsins. Þar er fjallað um dvalartíma, greiðslur, upplýsingamiðlun og þagnarskyldu.

Samningsfjárhæð tekur mið af fjölda sólarhringa sem barnið dvelur hjá stuðningsfjölskyldunni sem og umönnunarpörf. Greiðslur styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og fötlunarflokk þann sem ákvarðaður hefur verið þeim sem þjónustuna nýta.

Miðað er við að þjónusta hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu eða stuðningsfjölskyldan komin á heimili barnsins ef því er að skipta. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið. Forráðamenn bera ábyrgð á ferðum þess til og frá stuðningsfjölskyldu nema um annað sé samið sérstaklega.

Stuðningsfjölskyldu er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem þjónustunnar njóta.

8.gr.

*Form greiðslna*

Forsvarsmaður stuðningsfjölskyldu fær greitt samkvæmt verksamningi sem gerður er við félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags barnsins. Stuðningsfjölskylda getur dregið frá skattskyldum greiðslum kostnað samkvæmt reglum ríkisskattstjóra. Greitt er í samræmi við vinnuskýrslu.

9.gr.

*Tryggingar og tengd atriði*

Leyfishafi skal hafa lögboðna brunatryggingu og æskilegt er að vera einnig með heimilis-/innbústryggingu. Á heimilinu skal vera viðurkenndur eldvarnarbúnaður, s.s slökkvitæki, reykskynjarar og eldvarnarteppi.

10.gr.

*Upplýsingamiðlun og eftirlit*

Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags barnsins ber ábyrgð á því að stuðningsfjölskylda fái mikilvægar upplýsingar er varða velferð barnsins, þar á meðal um heilsufar þess, hvort barn sé með ofnæmi eða óþol, mögulega lyfjainntöku og aðrar sérþarfir.

Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á því að upplýsa starfsmann félagsþjónustunnar í lögheimilissveitarfélagi barnsins og forráðamenn þess um allt það sem upp kemur meðan á dvöl stendur og gæti haft áhrif á líðan þess. Stuðningsfjölskylda veitir foreldrunum munnlegar upplýsingar eftir hverja dvöl. Sé samskiptabók notuð til upplýsingamiðlunar skal stuðningsfjölskylda skrá í hana, óski foreldrar þess.

Stuðningsfjölskylda skilar inn vinnuskýrslum til félagsþjónustunnar samkvæmt samningi.

Stuðningsfjölskylda og forráðamenn barnsins gangast undir þagnarheit varðandi upplýsingar um barnið og fjölskylduhagi hvors annars. Þagnarskyldan helst eftir að dvöl lýkur eða samningur rennur út.

11. gr.

*Málskotsréttur*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsþjónustunnar til úrskurðarnefndar velferðarmála [www.urvel.is](http://www.urvel.is)

Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að tilkynning barst um ákvörðunina.

12. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum*

Starfsmenn félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefnda sveitarfélaganna.

13.gr.

*Endurskoðun*

Reglur þessar skulu endurskoðaðar á tveggja ára fresti eða oftár að teknu tilliti til þjónustu- og gæðaviðmiða.

14.gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar eru gerðar af Þjónusturáði Suðurlands í málefnum fatlaðra og byggja á leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytisins frá 21.mars 2019. Samþykktar í stjórn Bergrisa þann 3.júní 2020